
42. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 28. mars 2019 kl. 8:10.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skóladagatal 2019-2020
2. Staða skólastjóra auglýst
3. Ipadar fyrir miðstig
4. Lagfæringar á húsnæði í sumar
5. Vorhátíð
6. Önnur mál

1. Skóladagatal 2019-2020

Skólastjóri kynnti skóladagatal 2019-2020. Skólaráð staðfesti umfjöllun sína með undirskrift á þar til gerðu eyðublaði.

2. Staða skólastjóra auglýst

Haraldur Haraldsson, skólastjóri lætur af störfum og verður staða skólastjóra auglýst til umsóknar um næstu helgi.

3. Ipadar fyrir miðstig

Nemendur í 5. og 6. bekk fá afhenta Ipada á næstunni. Umræða var um gagnsemi þeirra. Aðgangur nemenda að opnu kerfi er takmarkað.

4. Lagfæringar á húsnæði í sumar

Í sumar verða gerðar breytingar á húsnæði skólans. Í matsal verður sett gólf yfir gryfjuna til jafns við það sem fyrir er. Einnig verður byggt gólf á milli hæða í anddyri á græna gangi og þar útbúið rými fyrir skólann sem nýtist getur sem kennslustofa eða fundarherbergi. Eftirlitsmyndavélar verða endurnýjaðar. Í vetur voru keypt felliborð í matsal sem almenn ánægja er með.

5. Vorhátíð

Foreldrafélag Lækjarskóla heldur vorhátíð 24. maí næstkomandi.

6. Önnur mál

Umræða var um notkun á símunum í skólanum.

Grunnskólahátíðin gekk vel.

Unglingadeildin fór í skíðaferð í stað þess að taka þátt í Skólahreysti. Sú ferð tókst vel.

Fyrirspurn kom um hvort til standi að seinka upphafi skólans á morgnana í unglingadeild. Það stendur ekki til að svo komnu máli.

Rætt var um mun á kerfunum Classroom og Mentor fyrir nemendur.

Fundi slitið kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Arna B. Arnardóttir, skólastjóri

Ragnheiður Þórdís Ragnarsdóttir, fulltrúi foreldra
Stefanie Gregersen, fulltrúi foreldra
Ísold Pétursdóttir, fulltrúi nemenda
Viktoría Tea Daníelsdóttir, fulltrúi nemenda
Einar Örn Daníelssonum, fulltrúi kennara
Elísa Ösp Valgeirsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir